



# Starfsemi Bókasafns Dagsbrúnar 2021-2023

Skýrsla framkvæmdastjóra Reykjavík Akademiunnar og formanns  
fagstjórnar

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Kristín Jónsdóttir



Stjórnskipulag.  
Maí 2024  
Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir og Kristín Jónsdóttir  
Útgefandi: ReykjavíkurAkademían  
Útgáfunúmer: RA-2024-6  
Þórunnartún 2  
105 Reykjavík  
Sími 562 8565  
Netfang: [ra@akademia.is](mailto:ra@akademia.is)  
Veffang: [www.akademia.is](http://www.akademia.is)



## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	2
Varðveisla og rekstur Bókasafns Dagsbrúnar .....	3
Hlutverk eiganda safnsins .....	3
Hlutverk varðveislu- og rekstaraðila .....	3
Hlutverk fagstjórnar Bókasafns Dagsbrúnar .....	4
Hlutverk starfsmanns safnsins .....	5
Starf fagstjórnar Bókasafns Dagsbrúnar .....	7
Verkefni tiltekin í 12. grein samningsins .....	7
Önnur verkefni unnin af fagstjórn .....	11
Fjármál á samningstímanum .....	16
Framlag ReykjavíkurAkademíunnar .....	16
Framlag Eflingar .....	17
Endurskoðunarákvæði samningsins virkjað .....	17
Endurskoðaðir ársreikningar .....	18
Viðaukar .....	19
Viðauki I: Ársreikningur 2021 .....	19
Viðauki II: Ársreikningur 2022 .....	20
Viðauki III: Hollvinasamtök Bókasafns Dagsbrúnar .....	21

# Inngangur

Þessi skýrsla sem er tekin saman í lok skipunartíma fagstjórnar Bókasafns Dagsbrúnar 2021-2023 af formanni fagstjórnar og framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar. Hún er yfirlit yfir starfsemi safnsins á tímabilinu, þau verkefni sem fagstjórnin hefur unnið að og bent á þau verkefni sem þarf að ljúka og/eða hefja.

Skrifað var undir samning milli Eflingar og ReykjavíkurAkademíunnar um rekstur Bókasafns Dagsbrúnar 2021-2023 í lok apríl 2021. Fagstjórnin var skipuð byrjun maí 2021 á grundvelli þess samnings. Fulltrúar Eflingar voru þær Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, fulltrúar ReykjavíkurAkademíunnar þau Mörður Árnason og Kristín Jónsdóttir og fulltrúi beggja samningsaðila Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar upplýsingafræðingur.

Mikill hugur var í fólki við upphaf starfstíma stjórnarinnar og framundan var uppbyggingarskeið. Fagstjórn starfaði eftir samþykktu Stefnu Bókasafns Dagsbrúnar 2021-2023 og aðgerðaráætlun fyrir sama tímabil. Þjóðin sá fyrir endann á Covid-19 og safnið nýflutt af 4. hæð í glæsilega aðstöðu á fyrstu hæð í Þórunnartúni með góðri aðstöðu til að skoða og nýta safnkostinn og til að halda fundi, námskeið og aðra viðburði.

Hins vegar átti starfsemin eftir að truflast verulega allan starfstíma fagstjórnar. Ný Covid-19 bylgja með tilheyrandi lokunum og breytingar á stjórn Eflingar leiddu til mannabreytinga í fagstjórninni. Í fagstjórn safnsins sitja nú fyrir hönd Eflingar þau Sólveig Jónsdóttir og Tjörvi Berndsen.

Þegar ein báran rís er önnur vís. Bókasafninu var lokað 1. nóvember 2022 í kjölfar þess að mygla greindist vegna vatnsleka í gólfplötu.

Skýrslan byggir á fundargerðum fagstjórnar og ársskýrslum safnsins árin 2021 og 2022. Þar er hægt að nálgast nánari upplýsingar um starfsemi fagstjórnar þessi síðustu þrjú ár.

Þórunnartúni 4. apríl 2024

Kristín Jónsdóttir  
formaður Fagstjórnar 2021-2023

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir  
framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar

# Varðveisla og rekstur Bókasafns Dagsbrúnar

Samstarf Eflingar–stéttarfélags og ReykjavíkurAkademíunnar ses um varðveislu og rekstur RA á Bókasafni Dagsbrúnar hófst 27. nóvember 2003 með undirritun formlegs samnings þar um. Sá samningur sem var í gildi fyrir árin 2021-2023 var undirritaður 30. apríl 2021 og byggir í öllum aðalatriðum á upphaflegum samningi sem gerður var með vitund og samkomulagi afkomenda stærsta gefanda, Héðins Valdimarssonar og Guðrúnar Pálsdóttur.

Eins og fram kemur í 15. grein samningsins þá er Bókasafn Dagsbrúnar í eigu Eflingar – stéttarfélags en ReykjavíkurAkademían er vörsluaðilinn. Starfsemi safnsins hvílir á þessum samningi og þar er kveðið á um ábyrgð samstarfsaðila og fagstjórnar og þau verkefni sem fagstjórn vinnur að á samningstímanum. Þá er hlutverk Bókasafns Dagsbrúnar samkvæmt 3. grein samningsins að vera „sérfræðisafn, vísinda- og rannsóknarsafn um íslenska verkalýðshreyfingu og vinnumarkað“, það skal starfrækt í samræmi við bókasafnslög nr. 150/2012 og markmið með starfseminni er „m.a. að gegna hlutverki þekkingarmiðstöðvar með sérstaka áherslu á rannsóknir á sögu og þróun verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.“

## Hlutverk eiganda safnins

Hlutverk stjórnar Eflingar er samkvæmt 8. grein samningsins að skipa tvo fulltrúa félagsins í fagstjórn safnsins og einn í samráði við stjórn ReykjavíkurAkademíunnar.

## Hlutverk varðveislu- og rekstaraðila

Eins og stjórn Eflingar, skipar stjórn ReykjavíkurAkademíunnar tvo fulltrúa í fagstjórn safnsins og einn í samráði við eiganda. (8. grein) og hefur samkvæmt 7. grein samningsins

umsjón „með faglegri stjórn safnsins og leggur sitt að mörkum í faglegri umræðu, s.s. hugmyndavinnu varðandi fundi og ráðstefnur um verkalýðshreyfinguna.“

Samkvæmt sömu grein ber stjórn ReykjavíkurAkademíunnar „ábyrgð á safninu, varðveislu þess og daglegum rekstri“ og í 15. gr. segir að ReykjavíkurAkademían beri „ábyrgð á rekstri, starfsemi og fjármálum. Auk þess að sjá til þess að reikningar séu endurskoðaðir og ársreikningur gerður fyrir safnið.“

Samkvæmt 5. grein samningsins er það hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar að ábyrgjast að fyrir hendi sé langtímaleigusamningur við eigendur þess húsnæðis sem safnið er rekið í og að brunavarnir og aðgangsstýring séu undir reglulegu eftirliti. Einnig tryggir ReykjavíkurAkademían að í safninu sé lestrar- og vinnuaðstaða fyrir gesti og að safnið nýtist fræðimönnum og áhugasömum gestum. (11. grein).

Í 8. grein samningsins kemur fram að „Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar situr fundi faglegrar stjórnar safnsins og er tengiliður milli hennar og stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar“ og í 10. grein kemur fram að ráðning bókasafns- og upplýsingafræðings sem starfar við safnið í hlutastarfi er á ábyrgð ReykjavíkurAkademíunnar sem greiðir laun starfsmannsins.

## **Hlutverk fagstjórnar Bókasafns Dagsbrúnar**

Eins og fram kemur í 16. grein þá er stjórn Bókasafns Dagsbrúnar „vettvangur samráðs og upplýsingagjafar milli Eflingar og ReykjavíkurAkademíunnar varðandi starfsemi safnsins.“

Og í 8. grein er kveðið á um að stjórnin kjósi sér formann, skipti með sér verkum og að hún fundi aldrei sjaldnar en tvisvar á ári hverju. Það er formanns að kalla saman fundi. Fundargerðir og önnur gögn tengd starfsemi faglegrar stjórnar skulu varðveitt í skjalasafni safnsins.

Í 9. grein samningsins eru verkefni fagstjórnar tíunduð:

Fagleg stjórn safnsins mótar stefnu þess og fylgist með að eftir henni sé unnið og að faglegum viðmiðum á sviði bókasafna- og upplýsingamála sé fylgt. Stjórnin gerir árlega starfsáætlun þar sem fram koma helstu áherslur í starfinu auk fastra og skilgreindra verkefna. Að hverju starfsári loknu skal skila skýrslu um starfsemina til stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar og Eflingar – stéttarfélags. Stjórnin þiggur hóflega þóknun fyrir vinnu sína.

Stjórn Bókasafns Dagsbrúnar starfar að því í samvinnu við stjórn ReykjavíkurAkademíunnar að afla styrkja til rannsókna á sviði safnsins, að skipuleggja ráðstefnur og opinbera fyrirlestra í nafni Bókasafns Dagsbrúnar og ReykjavíkurAkademíunnar, s.s. árlegan Dagsbrúnarfyrirlestur.

Stjórn safnsins getur ráðið fólk til að sinna sérverkefnum í samráði við stjórn RA enda sé gert ráð fyrir þeim kostnaðarlið í starfsáætlun safnsins.

Þá er fastur opnunartími safnsins ákvarðaður af stjórn samkvæmt 11. grein samningsins.

## Hlutverk starfsmanns safnsins

Í byrjun árs 2022 var auglýst eftir starfsmanni safnsins. *Sigurgeir Finnsson var ráðinn til starfans. Fljótlega var ákveðið að hann skyldi taka að sér hlutverk forstöðumanns safnsins.*

Forstöðumaðurinn gegnir mikilvægu hlutverki. Hann hefur umsjón með bókakosti og öðrum faglegum málum safnsins, sér um grisjun samkvæmt grisjunarstefnu, heldur því opnu á föstum tímum og tekur á móti og svarar erindum sem því berast og hugar að nýjungum í rekstri þess. Forstöðumaðurinn sér um að kynna safnið í raunheimum og á samfélagsmiðlum og hann heldur utan um viðburði á þess vegum. Forstöðumaðurinn starfar í umboði fagstjórnar, ritar fundargerðir og hrindir í framkvæmd verkefnum að beiðni stjórnar og sér um að skapa tengingar safnsins við umheimheiminn. Þá hefur forstöðumaðurinn umsjón með skjalasafni Bókasafnsins og hugar að nýjungum í rekstri. Forstöðumaður hefur við störf sín hliðsjón af stefnu safnsins og aðgerðaráætlun.

Á samningstímanum var forstöðumaður í fullu starfi frá 1. janúar 2022 þar til hann sagði upp í lok janúar 2023. Uppsögn forstöðumannsins hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á starfsemi safnsins og möguleika fagstjórnar að vinna að eflingu safnsins. Þá hefur nokkur hluti verkefna starfsmanns hafa flust yfir á framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar meðan önnur hafa fallið niður eða stöðvast tímabundið.



# Starf fagstjórnar Bókasafns Dagsbrúnar

Ákveðið var árið 2020 að rífa safnið úr þeirri kyrrstöðu sem það var í. Bókasafnið var flutt niður á fyrstu hæð Þórunnartúns 2 og tók það framkvæmdastjóra og Ingibjörgu Hjartardóttur upplýsingafræðing sem hafði umsjón með safninu marga mánuði að koma safninu fyrir, ítarraða bókum og flytja til innan safnsins. Heimsfaraldurinn tafði þá vinnu alla. Þá skipuðu stjórnir Eflingar og ReykjavíkurAkademíunnar sinn fulltrúan hvorn í bráðabirgðastjórn fyrir safnið. Hún vann fyrstu heildstæðu stefnu Bókasafns Dagsbrúnar og aðgerðaráætlun 2021-2023 sem var samþykkt af stjórnnum Eflingar – stéttarfélags og ReykjavíkurAkademíunnar og á þeim hvílir samningur aðilanna um rekstur og varðveislu safnsins 2021-2023. Saman mynda þessi þrjú plögg, Stefna safnsins, aðgerðaáætlun og samningur um varðveislu safnsins, grunninn að starfi fagstjórnar Bókasafnsins 2021-2023 sem tók til starfa 20. maí 2021. Alls fundaði fagstjórn tíu sinnum á skipunartímanum og vann að ýmsum verkefnum sem varða safnið. Forstöðumaður Bókasafnsins starfaði með fagstjórn á árinu 2022 en annars féll veruleg vinna tengdu safninu á framkvæmdastjóra ReykjavíkurAkademíunnar. Lokanir vegna heimsfaraldurs, leka í botnplötu og endurtekinna mannabreytingar í fagstjórn hafði einnig verulega og endurtekið truflandi áhrif á starf fagstjórnar.

## Verkefni tiltekin í 12. grein samningsins

1. Á samningstímanum munu stjórn og forstöðumaður Bókasafns Dagsbrúnar í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna og Eflingu – stéttarfélag **vinna að framtíðarsýn fyrir safnið**, þar sem hugað er að nýjungum í rekstri bókasafna, svo sem rafrænum aðgangi, opnum aðgangi efnis, menningargildi bókasafnsins og fleira.

*Þessi þáttur í starfi fagstjórnar og forstöðumanns tók á sig ýmsar myndir á starfstímanum þótt ekki hafi náðst að ljúka vinnunni formlega. Meðal annars sat forstöðumaðurinn fyrir hönd Bókasafns Dagsbrúnar og Landsbókasafns í starfshóp á vegum Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. um mótun stefnu um opin rannsóknargögn.*

*Þá hélt forstöðumaður fyrirlestur um opinn aðgang á afmælistálfingi ReykjavíkurAkademíunnar 4. nóvember 2022 sem fjallaði um rannsóknnaumhverfi sjálfstætt starfandi rannsakenda.*

2. Á samningstímanum var **unnið að hönnun og smíði vefsíðu** en þangað skal safna upplýsingum um heimildir og rannsóknir á sögu og þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar.

*Fyrrum forstöðumaður vann þarfagreiningu fyrir vefsíðu en undir lok árs 2023 var Oddný Eir Ævarsdóttir ráðin til þess að vinna nýja þarfagreiningu og láta hana og útbúa vefgátt fyrir rafræna söfnun og miðlun á heimildum og rannsóknum sem varða þá sögu sem safninu er ætlað að varðveita. Þessi vinna stendur yfir. Ákveðið hefur verið að afleggja núverandi veffang, [www.bokasafndagsbrunar.is](http://www.bokasafndagsbrunar.is) og þess í stað taka upp veffangið [www.dagsbrun.is](http://www.dagsbrun.is) sem er í eigu Eflingar. Þá þarf að huga að þýðingu á textum vefgáttarinnar og huga almennt að aðgengismálum vefgáttarinnar. Ráða þarf starfsmann til þess að hlaða inn efni á vefsíðuna.*

3. Á samningstímanum verður áhersla lögð á **að grisja úr bókakosti**, bækur sem ekki falla að söfnunarstefnu safnsins. **Þá verður markviss söfnun bóka og annars efnis efld.**

## SÖFNUN

*Það sést á núverandi bókakosti að bækur hafa sjaldan verið keyptar inn til safnsins þótt safnið kaupi nokkur tímarit í áskrift.*

*Safnið fékk að gjöf fræðibækur Þorgerðar Þorvaldsdóttur sagn- og kynjafræðings. Bókagjöfin telur 131 titlar og þar af eru 32 titlar sem hvergi eru annars staðar til á Íslandi en á bókasafni Dagsbrúnar. Þetta eru mikið til bækur um femínisma og skyldar greinar og er þetta mikil fengur fyrir safnið. Bækurnar eru auðþekktanlegir með límmiða í hverju riti þar sem ritað er: Úr bókasafni Dr. Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur. Auk þess er gjöfin sérstaklega skráð í Gegni með sömu athugasemd við hvert rit.*

*Einnig þarf að afla safninu bóka sem gefnar eru út á fræðasviði safnsins og koma á virku samstarfi við önnur bókasöfn um þá söfnun þar sem Bókasafn Dagsbrúnar tekur sér stöðu meðal safnanna sem sérfræðisafn um atvinnulíf og vinnumál. Á þann hátt má gera ráð fyrir að efni sem nú vantar muni berast safninu á einfaldan og ódýran hátt. Þá er mikilvægt að bókasafnið afli gagna frá samtökum launþega og atvinnurekenda og byggji þannig upp gott og sérstætt rannsóknarbókasafn um atvinnulíf og vinnumál. Fylgjast þarf með útgáfu á vegum verkalýðshreyfingarinnar og rannsóknastofnana erlendis, sérstaklega á Norðurlöndum.*

## GRISJUN

*Vinna við grisjun er hluti af störfum bókasafnsfræðings og hófst Sigurgeir Finnsson handa á árinu 2022. Áður en vinnan hófst var aðfangi- og grisjunarstefna safnsins sem hluti af stefnu þess, yfirfarin af Kristjönu Mjöll Hjörvar upplýsingafræðingi og staðfest óbreytt af fagstjórninni.*

Verkefnið var tekið föstum tökum af forstöðumanni safnsins sem því miður náði ekki að ljúka yfirferð um allt safnið áður en því var lokað. Í fyrsta áfanga grisjunar fór forstöðumaðurinn í gegnum bækur í kössum, í öðrum áfanga allan tímaritakost safnsins og grisjaði út 130 titla. Í þriðja áfanga var farið kerfisbundið í gegnum hillur í almennu rými (Almenn rit) í Dewey röð. Byrja á flokki 001 og endað á flokki 330. Í þessum áfanga voru grisjaðir um 300 titlar. Að lokum voru um grisjaðar um 3.000 bækur á nokkrum tungumálum m.a. á esperantó, ensku, þýsku, norðurlandamálum og rússnesku sem voru í vörslu Eflingar. Bækurnar voru óskráðar en á vef Bókasafnsins var einfaldur listi yfir bækurnar sem auðvelda fræðimönnum að nota þær.

Lengra komst grisjunin ekki vegna lokunar safnsins.

4. Aðilar samningsins munu einnig á grundvelli þessa samstarfs **skoða eldri hluta mynda- og skjalasafns Eflingar – stéttarfélags** með það að markmiði að færa skráningu þessara gagna til nútímahorfs og meta hvort og hvernig nýta megir þetta efni í þágu markmiða samningsins um rannsóknar- og fræðastörf.

Fá mál voru rædd jafn oft á fundum fagstjórnar og opnun á rafrænu aðgengi að ljósmyndasafninu. Efling tók vel í þessa hugmynd og fulltrúar félagsins í stjórn unnu að því jafnt og þétt að leiða málið til lykta. Búið var ákveðna að nota tengil með vörn tengingu til að tengja á þann hluta safns mynda Dagsbrúnar, Framsóknar, lðn og lðju sem búið væri að skanna inn. Rætt um skönnun á þeim hluta myndasafnsins sem ekki hefur verið skannaður, um að Alma Digital viðbótin við Gegni yrði mögulega keypt og rætt um afnotaréttinn, vatnsmerki, kommentabox til að senda inn ábendingar og ýmsa möguleika við að greina myndirnar. Efling fer með höfundarétt myndanna.

5. Fagstjórn safnsins mun á samningstímanum og í samráði við stjórnir Eflingar – stéttarfélags og RA ræða um möguleika á **samstarfi fleiri verkalýðsfélaga um aðkomu að safninu.**

*Stjórn ræddi möguleika á samstarfi fleiri verkalýðsfélaga um aðkomu að safninu og samstarf sem ýtir undir rannsóknir. Ekki talið tímabært að fara í þetta verkefni fyrr en fagstjórn og forstöðumaður væru búin að ljúka því að leggja grunn að safninu og ná utan um safnkostinn. Þó átti framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar fund með framkvæmdastjóra Vörðu vorið 2023 til að ræða möguleikann á samstarfi.*

## **Önnur verkefni unnin af fagstjórn**

1. Sýnileikinn

***Nýtt merki Bókasafns Dagsbrúar** var hannað af Lofti Ólafi Leifssyni á grunni merkis Dagsbrúar. Merkið er svart en til er rauð útgáfa sem stjórn ákvað að bíða með að nota.*

*Í kjölfarið var merki bókasafnsins og Akademíunnar komið fyrir **í gluggum fyrstu hæðarinnar.***

***Sýnileiki safnsins á samfélagsmiðlum** var töluvert rætt. Forstöðumaður stofnaði sameiginlega [Instagramsíðu](#) og Youtube-síðu fyrir Bókasafnið og Akademíuna og birti þar færslur um bókasafnið og bókakostinn. Stjórn samþykkti að safnið yrði kynnt sérstaklega fyrir háskólanemum í hug- og félagsvísindum en ekkert varð úr framkvæmdinni vegna heimsfaraldurs og lokunar safnsins vegna leka. Sama á við um kynningar á safninu fyrir verkalýðsfélögum og bókasöfnum.*

## 2. Ráðning starfsmanns

Ráðning forstöðumanns var á höndum framkvæmdastjóra Akademiunnar og formanns Fagstjórnar Bókasafnsins í nánu samstarfi við fagstjórnina. Ekki bárust margar umsóknir en Sigurgeir Finnsson bókasafns- og upplýsingafræðingur var ráðinn sem forstöðumaður safnsins. Hann hóf hans störf 1. janúar 2022 og lauk þeim 20. janúar ári síðar. Hann fann fyrir miklum veikindum af völdum myglunnar sem leiddu til þess að hann sagði upp störfum.

Ingibjörg Hjartardóttir sem undanfarin ár hefur starfað við bókasafnið hélt því starfi áfram undir handleiðslu formstöðumannsins.

## 3. Viðburðir

**Dagsbrúnarfyrirlestrar** voru skipulagðir en ítrekað fluttir til og að lokum felldir niður 2021 og 2023 (Kjartan Ólafsson) vegna heimsfaraldurs og leka.

Dagsbrúnarfyrirlestur ársins 2022 hélt Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu Dagsbrúnarfyrirlestur sem bar yfirskriftina Staða launafólks á Íslandi. Samanburður og þróun. Upptaka að fyrirlestrinum er á vef Akademiunnar.

**Formlegri enduropnun safnsins** í kjölfar flutninga safnsins á fyrstu hæð Þórunnartúns 2 var margoft frestað vegna heimsfaraldursins. Sama á við um fleiri viðburði sem voru í burðarliðnum og vörðuðu kynningar á safninu og námskeið á möguleikum þess fyrir fræðafólk og almenning.

**Þorgerðarmál**, málþing til heiðurs Þorgerði Hrönn Þorvaldsdóttur var haldið í Bókasafninu. Við það tækifæri veitti forstöðumaður bókaþjóf í hennar nafni

*viðtöku. Málþingið heppnaðist vel, var vel sótt og vakti mikla athygli á bókasafninu.*

#### 4. Skjalasafn bókasafnsins

Rafræni hluti skjalasafns bókasafnsins var yfirfarinn og gerður aðgengilegur fagstjórnarfólki í dropboxi Akademíunnar. Eftir er að skipuleggja og raða öðrum skjölum safnsins.

#### 5. Endurnýjun tölvubúnaðar

Tölvubúnaður safnsins var kominn að fótum fram. Efling útvegaði bókasafninu nýjan en notaðan tölvubúnað. Meðal annars tvær tölvur, tvo skjái og dokkur. Einnig stól.

#### 6. Hollvinafélag Bókasafns Dagsbrúnar

Stofnun hollvinasamtaka sem hafi þann tilgang að styðja við starfsemi bókasafnsins, til dæmis með því að útvega fjármagn til verkefna, útvega efni til safnsins og tækjabúnað og vinna að því að auka sýnileika þess. Slík samtök myndu starfa í samvinnu við stjórn safnsins. Mörður Árnason hafði umsjón með undirbúningnum og eru drög að stofnskrá í viðauka þessarar skýrslu. Verkefnið var á starfsáætlun ársins 2021-2023 en í lok árs 2023 vildu fulltrúar Eflingar endurhugsa málið áður en lengra yrði haldið. Sjá viðauka 3.

#### 7. Fagleg vinna forstöðumannsins

***Innleiðing á Ölmum frá Ex Ligris nýju miðlægu bókasafnskerfi tók töluverðan tíma.*** Kerfið var formlega opnað í júní og síðan þá hafa notendur, flest bókasöfn á Íslandi, verið að fóta sig í nýju kerfi. *Forstöðumaður sótti ýmis*

námskeið og uppfærði grunna Bókasafnsins. Ingibjörg Hjartardóttir tók við keflinu á árinu 2023.

**Endurskipulagning og endurröðun á bókasafninu** fór fram. Öllu safninu raðað í hillur eftir dewey-kerfinu. Allar bækur í almennri deild, öll tímarit í rými sem kallast Hlaðan. Þar eru einnig varðveittar allar folibækur safnsins og þangað á að flytja allt smáprent og skýrslur. Forstöðumaður var búinn að yfirfara 5 hillur af 28 þegar safninu var lokað í nóvember 2022.

### **Nýjar safndeildir búnar til**

**Hlaðan**, safndeild: skýrslur, bæklingar, smáprent og sérprent sem nú eru skráð sem almenn rit.

**Héðinssafn:** stofngjöfin, rit sem Guðrún Pálsdóttir ekkja Héðins Valdimarssonar gaf safninu og myndar stofn þess og stoð.

Stofngjöfinni er raðað í gamla skápinn og steinklefang og hún skráð sérstaklega í Gegni með lýsingunni *Bókagjöf Guðrúnar Pálsdóttur ekkju Héðins Valdimarssonar til Dagsbrúnar í janúar 1956*. Á stofngjöfinni liggja þær kvaðir að ekki megi grisja né lána úr henni og því bar útlánareglum breytt úr **Innanhúsláni í Ekki lánað**. Í nóvember 2022 varúið að breyta skráningu á ríflega 100 bókum af 2668 og þeim komið fyrir í skápnunum. *Ingibjörg Hjartardóttir hefur haldið vinnunni áfram.*

**Bækur ritaðar við ReykjavíkúAkademíunnar** og fræðafólk hefur gefið safninu verða merktar á sama hátt og stofngjöfin og vinnur Ingibjörg Hjartardóttir að því.



8. Húsakynnum safnsins var lokað formlega 1. nóvember 2022 vegna myglu sem til var komin vegna viðvarandi leka frá ofnalögnum í plötu. Skrifstofa safnsins var flutt upp á 2. hæð Akademiunnar en allar bækurnar þrífna og settar í geymslu. Í lok nóvember 2023 var Björg Hjartardóttir ráðin til þess að setja upp bækur bókasafnsins í samræmi við leiðbeiningar og áform fyrrum forstöðumanns. Það tók þó nokkurn tíma að fá aftur aðgang að safninu og hefja uppsetninguna og stendur sú vinnan enn yfir.

## Fjármál á samningstímanum

Í 14. grein samningsins kemur fram að fjármögnun samningsins byggir á áætlunum og kostnaðarútreikningum ReykjavíkurAkademíunnar sem fylgja samningnum og eru miðaðir við ítrustu hagkvæmni við rekstur safnsins.

### **Framlag ReykjavíkurAkademíunnar**

Samkvæmt 14. grein samningsins greiðir ReykjavíkurAkademían rekstur húsnæðis, öryggiskerfis og tölvubúnaðar og samkvæmt 13. grein er allur kostnaður vegna viðhalds á húsnæði safnsins á ábyrgð ReykjavíkurAkademíunnar. Auk þess hefur stofnunin umsjón með stjórnun og rekstri safnsins og ber eins og fram kom hér að framan í 15. grein samningsins, „ábyrgð á rekstri, starfsemi og fjármálum. Og sér til þess að reikningar séu endurskoðaðir og ársreikningur gerður fyrir safnið.“

Á samningstímanum 2021-2023 var gerð sú breyting að hluti af rekstrarkostnaði safnsins sem áður hafði verið greiddur af Eflingu var færður yfir á ReykjavíkurAkademíuna. Þessi kostnaður er sýnilegur í ársreikningi bókasafnsins. Einnig voru felldar niður greiðslur til ReykjavíkurAkademíunnar vegna umsýslu með safninu. Þetta fyrirkomulag þarfnast endurskoðunar í nýjum samningi.

Þá má tiltaka að eins og Efling tók ReykjavíkurAkademían á sig verulega aukinn launakostnað við ráðningu forstöðumanns safnsins í 100% starf, þar af 30% við Akademíuna. Upphaflegar áætlanir gerðu bæði ráð fyrir töluvert lægri launagreiðslum og 10% starfshlutfalli við Akademíuna. Allan tímann sem forstöðumaðurinn starfaði við safnið var meginþungi vinnuframlags hans hjá Bókasafninu, ekki hjá ReykjavíkurAkademíunni.

## **Framlag Eflingar**

Í 14. grein samningsins kemur fram að framlag Eflingar – stéttarfélags til reksturs Bókasafns á að dekkja kostnað við rekstur safnsins sem tengist húsaleigu, þóknun stjórnar, laun starfsmanns, aðkeypta vinnu, umsýslu bókakosts og innkaup. Auk þess er Eflingu samkvæmt 13. grein samningsins ætlað „standa straum af tilfallandi kostnaði vegna endurnýjunar og viðhalds tölvu- og húsbúnaðar sem fylgir safninu og telst eign þess.“

Eins og fram kemur í ársreikningum bókasafnsins fyrir árin 2021 og 2022 þá greiddi Efling á fyrra árinu kr. 11.760.000 til rekstursins og á árinu 2022 kr. 13.980.000. Þá voru heildargreiðslur Eflingar vegna bókasafnsins á árinu 2023 kr. 13.766.000 en kostnaður á móti hefur ekki verið tekinn saman þegar þessi orð eru rituð.

## **Endurskoðunarákvæði samningsins virkjað**

Í 14. grein samningsins er endurskoðunarákvæði þar sem fram kemur að „aðilar geta hvor um sig eða báðir í sameiningu ákveðið að endurmat fari fram á þeim kostnaði sem ReykjavíkurAkademían kynnti Eflingu í aðdraganda samningsins.“ Þetta ákvæði var nýtt þrisvar á samningstímanum.

1. ReykjavíkurAkademían fór fram á að hlutdeild í rekstri húsfélags Þórunnartúns 2 yrði flutt yfir á Eflingu.
2. Viðbótargreiðsla sem var greidd á árinu 2022 til að mæta kostnaði vegna ráðningar forstöðumanns var felld niður þegar hann lét af störfum í lok janúar 2023.
3. Upphæðir samningsins voru ekki verðbættar 1. janúar og 1. júlí 2023 eins og kveðið er á um í samningnum. Þetta voru viðbrögð við lokun safnsins 1. nóvember 2022 vegna viðgerða á afleiddu tjóni sem var tilkomið vegna leka í ofnalögnum í gólfplötu.

Að auki voru 1,2 m.kr. af greiðslum ársins 2021 fluttar yfir á árið 2022 þar sem forstöðumaður safnsins hóf ekki störf fyrr en 1. janúar 2022. Þessa fjármuni gátu fagstjórn og forstöðumaður nýtt til að hlúa að safninu. Stjórnir Eflingar, Akademiunnar og Bókasafnsins voru upplýstar um þennan flutning sem og forstöðumaður. Meðal annars var fjármagnið nýtt til þess að kaupa pall til að standa á (fíll), bókavagn (2022) og strikamerkjaskanna (2023).

## **Endurskoðaðir ársreikningar**

Ársskýrslur og endurskoðaðir ársreikningar fyrir ári 2021 og 2022 liggja fyrir og voru sendar stjórn Eflingar – stéttarfélags. Sjá einnig viðauka með þessari skýrslu. Nýr framkvæmdastjóri Eflingar var upplýstur um rekstur safnsins og ítarlegum spurningum svarað í tölvupóstum vorið 2023. Engar athugasemdir hafa borist stjórn ReykjavíkurAkademiunnar vegna árána 2021 og 2022. Af óviðráðanlegum ástæðum sem rekja má til endurtekinna mannbreytinga á Endurskoðendastofunni sem Akademían skiptir við þá eru fyrirsjáanlegar tafir á uppgjöri vegna ársins 2023 og ljóst að ársreikningur mun ekki liggja fyrir fyrr en í lok maí 2024.

# Viðaukar

## Viðauki I: Ársreikningur 2021

8 Tekjur vegna bókasafns	2021	2020
Styrkur frá Eflingu.....	11.760.000	9.240.000
Framlag RA .....	2.345.000	0
	<u>14.105.000</u>	<u>9.240.000</u>
9 Gjöld vegna bókasafns		
Leiga á aðstöðu.....	3.337.818	6.534.720
Þátttaka bókasafns í launum og tengdum gjöldum.....	5.000.000	1.320.000
Sjóður Bókasafns Dagsbrúnar.....	1.200.000	0
Bókasafn þóknun fagstjórnar.....		0
Hönnunarvinna.....	327.484	275.556
Merki safnsins.....	148.552	0
Áskriftir.....	295.060	321.385
Landskerfi bókasafna.....	210.100	179.426
Pappír, prentun og ritföng.....	37.500	0
Sími og internet.....	0	66.230
Rekstur sameignar og þrif.....	384.819	36.000
Innréttingar bókasafns.....	565.085	591.480
Veitingar.....	1.207	0
Auglýsingar ofl.....	166.620	28.750
Hlutdeild RA-ses í rekstrarkostnaði .....	2.345.000	0
	<u>14.019.245</u>	<u>9.353.547</u>
<b>Bókasafn (tap) hagnaður</b>	<u>85.755</u>	<u>( 113.547)</u>

## Viðauki II: Ársreikningur 2022

<b>7 Tekjur af bókasafni</b>	
Efning framlag.....	13.980.000
Framlag RA - Bókasafn.....	1.180.484
	<u>15.160.484</u>
<b>12 Kostnaður af bókasafni</b>	
Launakostnaður.....	8.693.365
Húsaleiga.....	3.857.991
Umsýslukostnaður v/Bókasafns.....	687.433
Sími.....	44.145
Rekstur tölvukerfis.....	466.259
Netþjónusta.....	41.334
Rekstur sameignar.....	368.340
Bókasafn bækur, blöð.....	309.714
Ræsting.....	299.505
Aðkeypt þjónusta án vsk.....	96.884
Öryggisgæsla.....	60.291
Pappír, prentun og ritföng.....	26.169
Funda- og viðskiptakostnaður.....	17.692
Auglýsingar.....	2.100
Burðargjöld.....	990
Bókasafn kostn.m/vsk.....	41.972
Annar skrifstofukostnaður.....	146.300
	<u>15.160.484</u>

## Viðauki III: Hollvinasamtök Bókasafns Dagsbrúnar

*punktur 4.1. 2022 / MÁ*

Hollvinafélag Bókasafns Dagsbrúnar

Stofnfundur hvenær?

Samþykktir lög og stefnulýsing

Stjórn 5 eða 3, hugsanlega stærri hópur að baki, frkvstj. BD með, ef þrír væri gott að hafa einn (formann) innanhúss, annan gamlan demón, þriðja tengdan Eflingu

Árgjald 3.000 / 5.000 / 10.000

Félagar menn, líka félög (vlf.) – stofnanir – fyrirtæki ?

Starf

Upphafsskrá um það sem helst skortir (rit og önnur gögn), og sérstaklega göt í safnrit eða samstæður

Inn á þann lista árlega ný rit/gögn sem BD þyrfti

Útvega rit/gögn – kaup, afsláttarsamningar, gjafaóskir

Halda aðalfund að hausti/vori og (e.t.v.) fræðslu/skemmtifund hina önnina

Gjaldheimta etc.

Bréf um stofnfundinn út kringum safnsopnun – til demóna fyrr og síðar, til Eflingarfélaga, til bókasafns/upplýsingafræðinga. Til stéttarfélaga en þá með samtölum.

Fáiast 50 félagar, sem borga að meðaltali 4.300 (af tíu einn 10þ, þrír 5þ, sex 3þ) væru tekjur á ári um 215.000. Ætti að duga fyrir 20–25 meðalbókum.



AKADEMIA.IS